

***BORGARRÁÐ 12. nóvember 2020: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um húsnæði fyrir fólk sem sækir um alþjóðlega vernd - R20110205***

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks óska eftir upplýsingum um húsnæði sem er í eigu Reykjavíkurborgar og fólk sem sækir um alþjóðlega vernd hér á landi býr í og hefur verið til umfjöllunar í fjölmiðlum. Miðað við myndir fjölmiðla þá er húsnæðið í mikilli niðurníðslu og víða má sjá myglu og rakaskemmdir. Í þessum fréttum er tekið fram að Reykjavíkurborg hafi ráðist í endurbætur á húsnæðinu sem lauk árið 2018, óska fulltrúar Sjálfstæðisflokks eftir gögnum um ástand hússins eftir þær endurbætur sem farið var í 2018, var þá komið í veg fyrir rakaskemmdir og sýndu loftgæðamælingar að loftgæði í húsnæðinu væru það góð að það hentaði til búsetu. Hefur ástand húsnæðisins verið skoðað eftir að ráðist var í endurbætur árið 2018.